

CQ TF



Fréttabréf júlí 1991

GJÖF TIL FÉLAGSINS

Radíóþjónusta Sigga Harðar færði félaginu Yaesu FT-4700 sendiviðtæki að gjöf. Sendiviðtækið er tveggja banda þ.e. fyrir 2m og 70cm. Útgangsaflíð er 50W á 2m en 40W á 70cm. Hægt er að nota stöðina í "split band mode" sem þýðir að annarsvegar er sent á 70cm og hlustað á 2m eða öfugt.

CQ TF hvetur félagsmenn ÍRA til að kíkja inn til Sigga Harðar til að athuga hvort þeir finni ekki eitthvað hjá honum sem þeir geti notað.

Sérstakt þakkarskjal var útbúið og fært Sigga fyrir framlag hans við að gera TF3IRA QRV á 10cm og 2m.

Úr Esjuferð ÍRA



ALLIR ÚT AÐ LEIKA

"Allir út að leika, allir út að leika!", hver man ekki eftir þessari herkvaðningu á góðviðriskvöldum? Nú fara amatörar, konur og kallar, út að leika um næstu verslunarmannahelgi.

Útileikar Í.R.A. eru uppspretta skemmlilegra minninga, loftnet yfir Almannagjá, talsamband á bílstöng með 0,25 W AM írá Bjarkarlundi við TF3AX/M á Austfjörðum, morsað við kertaljós í kofa Alpaklúbbsins sem sást fyrst í 20 m fjarlægð í þokunni

hátt í Botnssúlum, QTH á klettanibbum og tindum, heimsóknir alvö-ru refa, basl við að halda flugdreka á lofti meðan sterkar heimastöðvar rabba í makin-dum um daginn og veginn á kristaltíðninni og heyra ekki " ... _ " af mörkinni, og svo mætti lengi telja.

Láttu það nú eftir þér að koma út að leika!

TF3DX

KVAKALD

Okkur hér á ritstjórninni barst teikning af einföldu pakkaldi sem allir ættu að geta smíðað. Hönnunin er eftir Loft TF3LJ/OZ4ACV sem hefur verið í Dan-mörkunni við nám.

Módemíð er smíðað í kringum TCM3105 mótaldrsrás, og notar Baycom packetforrit. Pakkaldið er upprunalega hannað af Baycom hópnun en Loftur breytti því einn góðan laugardag vegna skorts á íhlutum.

Pakkaldið var í raun smíðað úr VHS vídeótæki, TCM3105, DB25 tengi, 16 pinna sökkli, og fáu einu öðru.

Veituspennuna fær tækið frá raðtengi tölvunnar og á það í flestum ef ekki öllum tilfellum að duga.

Efnið á efnislistanum er það sem Loftur notaði í tækið, nema vegna skorts á efni notaði hann eftirfarandi móttstöður:

R4-33k, R5-43k, R6 ásamt R7-39k og R8-33k. Þessi gildi eru ekki fullreynd ennþá enn virðist ekki krítískt.

R8 er til að takmarka basestraum T4. Ef lyklingarstraumur stöðvarinnar er meiri en u.þ.b. 20mA, ætti að nota raflíða.

Tækið er smíðað á lítið Vero-borð (4x4

cm) og DB25 tengið er fest á eina hliðina en DIN tengið á andstæða hlið, svo er afganginum troðið á borðið á sem hagkvæmastan máta.

Prófun og stillingar:

Þegar smíði er lokið er pakkaldið sett í samband við tölvuna og:

1. Kveikja á tölvunni.

2. Mæla spennuna út úr reglanum, hún á að vera 5V.


3. Mæla spennuna inn á reglann, hún á að vera hærri en 6.5V (mældist 8.5V).

Ef 2. og 3. atriði standast ekki, skal slökkva á tölvunni og athuga lóðningar og tengingar! Rangar tengingar ættu þó ekki að geta skemmt raðtengi tölvunnar!

4. Ræsa Baycom forritið (L2.EXE fyrst, svo SCC.EXE). Stilla P2 svo spennan á pinna 7 á TCM3105 verði 2.7V

5 Stilla P1 svo að sendirinn yfirmótist ekki, stillinguna má framkvæma með því að bera útsendinguna saman við útsendingu annara.

Greinin er þýdd og endurskrifuð af TF3PXT.



FRÁ FORMANNI

Ágætu félagar

Þegar þetta er ritað hefur eitt og annað borðið við í félaginu. Á síðasta aðalfundi þann 10. febrúar var ný stjórn kjörin.

Formaður var kosinn Bjarni Sverrisson, TF3GBN, meðstjórnendur Þórður Ívarsson, TF3PXT (rilstjóri CQ-TF) og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA (ritari). Fyrir voru Kjartan Bjarnason, TF3BJT (gjaldkeri) og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX (varaformaður). Varamenn eru Ásbjöm Harðarson, TF3ATT og Heimir Jónsson, TF3TXT. Endurskoðendur eru Haukur Nikulásson, TF3HN og Kristþór Helgason, TF3TF með Óskar Sverrisson TF3DC til vara.

Tímabilið hófst með því að gefin var út starfsáætlun sem TF3DX átti veg og vanda af. Hæst ber þrjá liði:

Sunnudaginn 3. marz kl. 15.00 var félagsfundur í Þerney, Hótel Esju, þar sem Sigurður Jakobsson, TF3CW, kynnti ferð sína til South Cook Island og Banaba Island í máli og myndum. Þama mættu 25 manns og eftir að Sigurður hafði lokið máli sínu þurfti hann að svara mörgum spurningum áhugasamra félagsmanna. Eftir kynninguna og umræðumar var gert kaffihlé. Eftir hlé var kynnt vegleg gjöf frá Radíóþjónustu Sigga Harðar í Kópavogi, en það er Ycasu FT-4700 bílstöð fyrir 2m og 70cm böndin, sem þegar hefur verið sett upp í félagsheimilinu. Þá kynnti Þorvaldur TFIMM “pile-up” sem hann fékk á sig í einni keppninni, en fundinum lauk svo með því að Kristján, TF3KB, hélt fyrirlestur um samspil sólar, segulsviðs jarðar og skilyrða á norðurhveli. Fundinum lauk svo um kl 19.00.

Fimmtudaginn 28. mars kl. 13.30 var stofnað til refaveiða í nágrenni félagsheimilisins, þangað mættu 12 manns. 10

viðtæki voru á staðnum, sem varð til þess að tveir urðu að vera um tvö tæki. Refurinn var Villi, TF3DX, en hann fór og faldi sig skömmu áður en menn mættu í heimilið. Fyrstir til að finna refinn voru TF3GBN á 1 klst og 17mín. og TF3BJT á 1 klst og 35mín, felustaðurinn var í skóginum austan við Rauðavatn. Eftir síðustu sendingu var Rúnar rétt hjá greninu, og hefði aðeins þurft eina sendingu í viðbót.

Helgina 22. -23. júní var farið á Esju eins og sagt er frá annars staðar í blaðinu.

Af öðrum málum má nefna að meiri hreyfing hefur verið í félagsheimilinu að undanförunu en oft áður. Þar hafa þeir TF3BJT og TF3ATT sett upp stöðina frá Sigga Harðar auk VHF móttakara og tölvu í eigu TF3BJT. Í bígerð er endurvarpi á VHF, uppsetning á turni frá TF3SO og loftnet og rótor þar á.

Einnig hefur nothæf (!) ljósritunarvél verið keypt.

Að lokum vil ég minna á að talsvert er eftir af starfsáætluninni, sem vonast er til að geti orðið mönnum til ánægju. Má þar nefna verslunarmannahelgina 3. til 5. ágúst, refaveiðar innanþæjar 14 september, skoðunarferð 5 október, ofl. ofl.

Þeir sem eru að fást við einhverjar tilraunir í fjarskiptum ættu svo að punkta reynslu sína niður á blað til birtingar í CQ TF. Það er aldrei að vita nema það komi einhverjum að gagni.

Sjáumst á næstu samkomu.

73 de TF3GBN, Bjami Sverrisson.

QRM.....QTC

* Heyrst hefur að TF3GBN hafi rifið stóra 80m kassann sinn eftir Esjuferðina, og sé nú að endurskapa hann sem fis fyrir næstu útileika.

AF AÐALFUNDUM

Frá því að CQ-TF kom út síðast hafa verið haldnir tveir aðalfundir í Í.R.A., sem hvor með sínum hætti marka tímamót.

Aðalfundur 1990 var haldinn í skugga þess leiðindamáls að nokkrir nýliðar úr röðum CB manna töldu sér óhætt að halda áfram ólöglegri starfsemi í trássí við þá leiðsögn sem þeir fengu hjá Í.R.A. Mikill uppgangur CB pírata hérlendis á síðustu árum hefur styrkt þá f afstöðu sinni, og ekki er loku fyrir það skotið að þeir hafi vanmetið stefnu Í.R.A.

Það gæti stafað af því að vitneskja um ávirðingar annars ágættra félaga kemur mönnum í pínlega aðstöðu, og þeir skirrast við að ræða málið af hreinskilni. Athugasemdalaus afgreiðsla Í.R.A. fyrir fáum árum á leyfisumsókn þess manns, sem talinn er hafa unnið hvað ötulast að tækja-út-vegum og þjónustu við pírata, er gott dæmi um þetta og kann að hafa ýtt undir þá trú að Í.R.A. gæti verið vettvangur amatöra og pírata jöfnum höndum.

Það er skemmst frá því að segja, að aðalfundur 1990 tók skelegga afstöðu gegn slíkum hugmyndum. Leyfishafar, sem sumir hverjir höfðu ekki sést lengi, fjölmenntu á fundinn, og er mál manna að önnur eins eindrægni hafi ekki ríkt á fundi í félaginu frá upphafi. Þar var ályktað eftirfarandi:

“Aðalfundur ÍRA felur stjórn ÍRA að tilkynna Pósti og síma afturköllun á ábyrgð til handa nýliðunum TF1EIN, TF3FKN, TF3FTN og TF3TEN.”

“Aðalfundur ÍRA 1990 vísar Ara Þór Jóhannessyni úr félaginu fyrir stórfelldan innflutning og sölu á fjarskiptatækjum til pírata. Sæki hann um aðild síðar, þarf hún samþykki aðalfundar.”

Þessi uppákoma, jafnleiðinleg og hún var, hefur vissulega hreinsað loftið. Umfjöllun

um sjóræningjastarfsemi er ekkert feimnis-mál lengur, og stefna Í.R.A. er skýrt mörkuð.

Aðalfundur 1991 gefur tilefni til að menn velti fyrir sér framtíð Í.R.A. Á að reka félagið áfram á sjálfbodavinnu, eða er tímabært að leita nýrra leiða?

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Kristján Benediktsson, TF3KB, hefur á löngum formannsferli lagt félaginu til aðstöðu og vinnutíma langt umfram alla sanngirni. Það hefur þótt sjálfsagt að líta á vinnustofu hans, síma og símsvara sem greiða leið að félaginu seint og snemma, helga daga sem rúmhelga. Einhver kann að segja að enginn hafi beinlínis beðið hann um þetta, en öll þáðum við það með þökkum eins og máltækið segir, þótt óvíst sé um þakkirnar. Og aldrei var né verður hörgull á ábendingum um fjölmargt sem þyrfti að vinna. Að sinni sá Kristján sér ekki fært að halda áfram að óbreyttu ástandi, og hlýtur það að vera félagsmönnum íhugunarefni.

TF3DX

CQTF

25.júlí 1991 9. árgangur

Útgefandi: Íslenskir Radíóamatörar (ÍRA)

Stofnað 14. ágúst 1946

Pósthólf 1058,121 Reykjavík.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórður Ívarsson, TF3PXT

ÍRA er hið íslenska aðildarfélag að IARU, IARU Region 1 og NARU

TF-ÚTILEIKARNIR

Samantektarblað



Nafn þátttakanda _____ Kallmerki _____

Póstfang _____

Fjöldi meðfylgjandi radlóstagaþokaþræða _____

Staðsetning í útileikunum _____

Tækinoth _____ Afinn _____ wött _____

Þáttökuflokkur _____ ER RA

Um mæli/frásögn/tillögurum breyttar reglur o.s.frv. _____

TF útileikarnir 1991

Prettánu TF-útileikarnir verða haldnir um verslunarmannahelgina. Tilgangur útileik-anna er að örva áhuga og hæfni íslenskra radíóamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós.

1. Aðalþáttökutímabil:

kl. 1700- 1900 laugardag 3. ágúst 1991
kl. 0900 - 1200 sunnudag 4. ágúst 1991
kl. 2100 - 2400 sunnudag 4. ágúst 1991
kl. 0800 - 1000 mánudag 5. ágúst 1991

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunamannahelgina, enda fari heildar þáttökutími hvernar stöðvar ekki yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins um eitt samband sé að ræða. Hver byrjaður hálf tími til viðbótar reiknast 30 mín., Samband við sömu stöð á sama bandi, telst gilt, svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sam-band. Þrjú sambönd er hámarksfjöldi sam-banda við sömu stöð á sama bandi, samanber þó að 40/20H 15/10 metrar reiknast sem eitt band. Þeir sem eru með VFO ættu ekki að rabba um daginn og veginn á tíðnum hinna sem er kristalstyrðir. Munið nýju innanlands-tíðnina 3633 kHz.

2. Skilaboð

a) Lágmarksupplýsingar sem skipst er á eru: RST og QSO númer. Athugið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu. Þetta er nægjanlegt til fullgildra sambanda.

Auk þess geta þátttakendur fengið viðbótarpunkta fyrir að skiptast á eftirtöldum upplýsingum:

b) QTH eða QTH-locator, loftnet, inngangsafli í wöttum og ER eða RA.

ER (Ekki Rafveita) þýðir að stöðin fái rafmagn sittað

engu leyti frá rafveitukerfi.

RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að einhverju

leyti frá rafveitukerfi. Einnig eru gefnir punktar fyrir:

c) QTC (skilaboð) bæði send og móttékin. QTC eru upplýsingar um QSO (tíma, kallmerki og tíðni), sem þátttakandi hefur haft áður í útileikunum og sendir annarri stöð ásamt þeim upplýsingum, sem hann tók á móti. Upplýsingar um hvert QSO má aðeins senda einu sinni í QTC og má sendingin fara fram á hvaða þáttökutímabili og bandi sem er (þó ekki HF QSO á VHF eða öfugt). Senda má hámark þrjú QTC (þ.e. upplýsingar um 3 QSO) til hvernar stöðvar og QTC-ið má ekki greina frá QSO' i þeirra á milli. QTC má ekki segja frá utanlands-QSO' i, nema við Íslending erlendis. Aðeins má senda hvert QTC einu sinni.

Dæmi: QTC 1630 TF3ÞÞ 3633 569 012 Hengli LW 5WER.

Sá sem þetta sendir hafði QSO við TF3ÞÞ kl. 1630 á 3633 kHz og tók á móti RST 569 og QSO númeri 012 frá honum og því að hann var staddur í Hengli, notaði LW og var með 5W ER stöð.

3. Fullgild QSO

Samband telst þá og því aðeins fullgilt að:

a) Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum rétt.

b) RST og QSO númer séu rétt móttékin hjá báðum.

c) Heyrst hafi R ("Roger" eða allt rétt móttekið) frá stöðinni, sem skipt er við um að hún hafi náð öllu réttu.

4. Bönd

Nota má öll amatörbönd, sem heimil eru skv. reglugerð og leyfisbréfi þátttakanda. Þó er þátttaka í tíðnum á VHF og UHF alveg óháð þátttöku á HF og MF (sjá 9. lið). Enn fremur reiknast 40/20/15/10 metra böndin sem eitt band í punktagiöf.

5. Punktar

Punktar eru reiknaðir fyrir viðslðpti við stöð ef fullgilt QSO næst við hana skv. skilgreiningunni að framan

(liður 3). Punktafjöldi á hverju bandi fer eftir þeim upplýsingum sem skipst er á þannig:

A) Fyrir rétt RST og QSO númer 10p.

B) Fyrir rétt QTH, loftnet, aflm ER/RA 10p.

C) Innihald: tími, kallmerki, tíðni, RST og QSO númer 10p.

D) Innihaldi QTC að auki: QTH, loftnet, afl. ER/RA 10p.

Punktur reiknast aðeins ef upplýsingaskiptin eru gagnkvæm, þ.e. ef 3b) eða 3c) upplýsingar nást aðeins aðra. leiðina reiknast engir punktar fyrir það. Framantalið gildir fyrir QSO innanlands og við íslendinga erlendis. Fyrir erlendar stöðvar, ekki starfræktar af Íslendingum:

E) innihald: RST

(QSO númer sé skráð en ekki gefið) 1p.

F) Sé að auki skipst á nafni, afli og QTH 1p.

Engir punktar fyrir QTC.

Á VHF og UHF má hafa samband gegnum endurvarpa eða beint. Til viðbótar fást þar 10 punktar fyrir hvem km sem haft er QSO án endurvarpa. Fjarlægðir reiknast á grundvelli QTH-reits (QTH-locator) milli miðpunkta þeirra reita (“sub-square”), sem stöðvar eru í.

6. Margfaldarar

Þeir eru þrír: M1 er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við. M2 er fjöldi íslenskra kallsvæða, sem han var samband við eða úr. Hvert kallsvæði talið einu sinni. M3 fer eftir aðstæðum $M3 = 10$ fyrir ER stöðvar, sem bornar voru með aflgjafa meira en eins kílómetra leið á áfangastað. $M3 = 8$ fyrir aðrar ER stöðvar. $M3 = 5$ fyrir RA stöðvar.

7. RA Heimastöðvar

Þær fá hvorki punkta né margfaldara fyrir sambönd við aðrar RA heimastöðvar né stöðvar erlendis. Þetta gildir ekki um íslenska þátttakendur erlendis.

8. Lokaárangur:

Lagðir eru saman punktar allra banda (samanber þó að 40/20/15/10 metrar reiknast sem eitt band). Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara:

Lokaárangur = Punktar * M1 * M2 * M3

Hafi menn ekki starfrækt stöðvar sínar allan tímann á sama M3 margfaldara, er tekið vegið meðaltal, þ.e.

$M3 - 10 * PIO + 8 * P8 + 5 * P5$

heildarpunktafjöldi

Þar sem P10 er punktafjöldi með M3 = 10, P8 er punktafjöldi M3 = 8 og P5 er punktafjöldi með M3 = 5.

9. Flokkar

Þáttaka er í fjórum flokkum:

1. Hlustarar
2. Nýliðar
3. HF/MFflokkur
4. VHF/UHF flokkur

Hlusturum reiknast punktar skv. 5. lið á grundvelli fullgildra útileika-QSOa og QTCa sem þeir heyra og skrá rétt Þátttaka í HF/MF flokki og VHF/UHF flokki er alveg óháð og hvorki punktar né margfaldarar færast á milli þótt sami þátttakandi taki þátt í báðum flokkum. Gildir það einnig um hlustara.


10. Dagbók

Afriti af dagbók skal skila til ÍRA fyrir 1. október. Þar skal skráð kallmerki, tími, dagsetning, band, punktar margfaldarar og skilaboð, bæði send og móttækin. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

11. Vafaatriði.

Rísi einhver vafaatriði um túlkun reglna hefur stjóm IRA eða þeir sem hún tilnefni endanlegt úrskurðarvald.

Góða skemmtun



REIT ERT ÞÚ???

Þú þína í gráðum og mínútum eins nákvæmlega og unnt er.

Í fyrstu fjögur táknið eftir því í hvaða ferhyrning þú ert.

Ólkstafur, sem þú finnur í lærettu töflunni eftir lengdarstaðsetningu þinni.

†stafur, sem þú finnur í löðrettu töflunni eftir breiddarstaðsetningu þinni.

Um mæli/frásögn/tillögurum breyttar reglur o.s.frv.

Niðurstöður:

Bönd	P_5 punktar m/M3=5	P_8 punktar m/M3=8	P_{10} punktar m/M3=10	M1	M2	M3
160 metrar						
80 metrar						$\frac{5 * P_5 + 8 * P_8 + 10 * P_{10}}{P_5 + P_8 + P_{10}}$
önnurbönd						
Samtals:						

Lokarárangur = $(P_5 + P_8 + P_{10}) * M1 * M2 * M3$ -

Ég undirritaður staðfesti hér með, að ég hefði í þessum útleikum farið í einu og öllu eftir settum reglum leikanna svo og reglugerð um radióamatörviðskipti á Íslandi.

Staubur

dagsetning

undirskrift/kallmerki

HLJÓÐNAÐUR LYKILL

Á síðasta ári lést löngu fyrir aldur fram Sigurður Tómasson, TF3SD. Hann hafði þá um nokkurt skeið kennt þess sjúkdóms sem varð honum að aldurtila.

Sigurður starfaði hin síðari ár sem skoðunarmaður hjá Radíóeftirlitinu og annaðist jafnan úttekt við leyfisveitingar til amatöra. Óhætt er að segja að þar var réttur maður á réttum stað, hann var nákvæmur en jafnframt sanngjarn. Hann hafði ósvikinn áhuga á velferð nýrra amatöra og lagði þeim til ýmis gögn.

Það má með sanni segja að lykill hafi hljóðnað við fráfall Sigurðar, því hann var morsari fram í fingurgóma. Undirritaður hafði CW samband við hann í síðustu útileikum, og grunaði ekki að jafn stutt væri eftir og raun bar vitni.

Við minnumst Sigurðar með þakklæti og söknum góðs félaga.

TF3DX

ESJUFERÐ

Laugardaginn 22. júní komu 13 manns saman við Mógilsá í Kollafirði til að ganga á Esju með fjarskiptabúnað. Farið var upp með Mógilsá að vörðunni á Þverfellshorni. Þaðan var gengið í þoku vestur Kerhólakamb, þar til komið var fram á nefið vestanvert í kambinum. U.þ.b. 3 tíma tók að komast þessa leið með allan farangurinn. Þarna voru settir upp langir vírar, tveir 180m og einn 250m, og dípóll af G5RV gerð sniðinn fyrir 80m.

Fljótlega kom í ljós að skilyrði voru nánast engin og á laugardaginn náðust aðeins eitt DX samband á 14MHz. Þrátt fyrir slæm skilyrði undu menn sér hið besta og voru í samböndum á 2m allt til Keflavíkur, auk þess sem sólin bakaði okkur vel þar sem við vorum ofar skýum.

Að kvöldi laugardagsins hélt meginhluti hópsins aftur niður á jafnsléttu en 5 urðu eftir um nóttina. Ekki glæddust skilyrðin neitt að ráði um kvöldið og var baukað við loftnet til kl. 01.30 um nóttina. Strax upp úr kl. 6 morguninn eftir var tekið til við fjarskiptin að nýju í glaða sólskini, en eins og fyrri daginn var lítið um að vera

nema á 14MHz, þar náðust nokkur

sambönd, aðallega seinni part dags. Á miðnætti voru síðustu tækin tekin niður og haldið niður af fjallinu norðanverðu og niður Bliksdal, þangað sem TF3EJ sótti okkur kl. tvö um nóttinna.

TF3GBN

QRM.....QTC

* Fyrir Esjuferðina skrifaði TF3DX 28 stöðvum í VK og ZL landi, sem hann hafði þá þegar fengið QSL kort frá í vor, og tilgreindi tíma og tíðni á 15 m og 20 m. Nú þegar hafa borist bréf frá þremur amatörum sem hlustuðu og kölluðu, en því miður voru ekki skilyrði.

Eddie, ZL1TG segir að 15 m hafi verið alveg dauðir, en U.S.A. með sinn "field day" hafi verið í kringum S3. Hann náði sambandi við einn W6, sem hvarf svo í QSB. Peter ZL2JJ reyndi mikið á 20 m og heyrði VK4CI, VK7CW og ZL1OK kalla einnig. Hann telur að Mary, KL7P, hafi heyrt í Esjutindi, en hún týndist áður en það komst á hreint.

AUÐVELD LEIÐ

Velflestir eiga sendiviðtæki sem geta gengið á 12 V jafnspennu. Þá er ákaflega einfalt að komast í loftið á útileikunum frá bíl. Rétt er að sækja strauminn beint á skaut rafgeymis ef sendirinn er sterkari en u.þ.b. 10 W, annars gæti kveikjaratengið dugað.

Með því að nota vír sem er fjórðungsbylgja að lengd og bílinn sem mótvægi, fæst þokkalegt fæðiviðnám án hjálpar frá aðlögunartæki, trúlega heldur lægra þó en 50 ohm. Byrjið með u.þ.b. 22 m langan vír og styttrið í áföngum þar til resónans næst. Ekki þarf að klippa af vírnum, aðeins brjóta hann tvöfaldan í endann, lausa spottanum má vefja um vírinn eða tylla með límbandi. Ekki þarf einangrara ef fest er í línu úr gervifni.

Jarðsambandið er fengið með sem stystri tengingu í stóran málmhluta bílsins, helst yfirbyggingu. Það tengist í tækisjörð þar sem loftnetið tengist, hvort sem er beint í sendiviðtækið, eða hjálpertæki eins og standbylgjumæli ellegar aðlögunartæki.

Resónans má merkja með ýmsum hætti, lægstri staðbylgju, mestum straumdrætti sendis eða mestum loftnesstraumi. Hann er hægt að mæla með “gamaldags” RF straummæli, eða lítilli peru sem er hliðtengd við hæfilega stuttan hluta loftnetsvírsins.

Því herra sem þið getið hengt vírinn, þeim mun betra, en hafið hugfast að breytingar á hæð geta kallað á breytta lengd. Mestu munar að fá góða hæð undir vírinn næst bílnum þar straumurinn er mestur, hæðin á endanum skipir litlu máli. Þótt hæðin verði aðeins 2 -3 metrar, eruð þið ekki lakar sett með 50 -100 W en QRP stöðvamar.

Sömu aðferð má nota í húsi

(sumar-bústað) sem hefur málmklæðningu. Hún kemur þá í staðinn fyrir bílinn sem mótvægi. T.d. gæti 50 ohma sammiðju-strengur legið að þakbrún, þar sem skermurinn fengi gott samband, og loftnetið tengist í kjarnann. Þá ætti að stilla lengd loftnetsvírsins fyrir lægsta staðbylgju við tækisenda fæðilíunnar.

Fjórðungsbylgja er ekki besta hugsanlega loftnetið, en það er þokkalega gott og fyrirhafnarlítið. Það er án efa betra en bílstöng, en ekki jafngott hálfbylgju.

Fimmtudagskvöldið 1. ágúst verður undirritaður í félagshemilinu, reiðubúinn að hjálpa við tilraunir með svona útbúnað ef einhver mætir með það sem til þarf.

TF3DX



CQ CQ DE TF3DX /P Á ESJU

QRM....QTC

* Heimagerð “bakpokarafstöð” var með í Esjuferðinni. TF3PXT hafði hengt saman lítinn flugmódelmótor og rafmótor úr töluvprentara. Það kom viðstöddum á óvart að þessi búnaður gaf 60 W.

* Skilyrðin í Esjuferðinni voru eins og skýjafarið sem byrgði sýn með stuttum glennum á milli. Stöðvar í Evrópu, einkum nálægt, ruku upp í styrk. Samband gat náðst með miklum ágætum, en hjaðnaði niður á fáum mínútum, stundum áður en því lauk. Bandið lognaðist útaf í 15 -20 mínútur og þá kom næsta glenna. Aðeins 9 erlend sambönd náðust, lengst til I6UTR.

* Einn “slóperinn” á Esju, 180 m lan-gur, stefndi beint til Reykjavíkur. Á honum var 2 W QRP sendir S9 + 30 dB heima hjá TF3EJ. Annar, 250 m langur, stefndi u.þ.b. 60° vestar. Þó hann hefði mikla yfirburði á DX, var hann 30 db lakari til Reykjavíkur. Þetta sýnir hve mikla stefnuvirkni, og væn-tanlega ávinning, er hægt að fá með mjög löngum “slóper”.

* Sumir segjast vera “bara með langan vir”. TF3DX telur það ekkert “bara”, eflW er réttnefni. Þegar enginn fylgdi ráðum hans úr fyrriestri í tilefni af Banabaferð TF3CW, sá hann sig tilneyddan til að prófa kenningarnar sjálfur. Hann setti upp 100 m langan vír í stefnu 342° réttvisandi, u.þ.b. í 10 m hæð, og náði Sigga bæði á CW og SSB.

* Það sýndi sig að Villi átti erfitt með að hætta við svo búið, og á u.þ.b. 3 mánuðum skilaði vírinn honum 100 DXCC löndum, þó ekki tæki hann þátt í neinni keppni. Hann hefur náð 46 VK stöðvum og 27 ZL stöðvum, flestum á vormánuðum. Allt er þetta á morsi.

Endurvarpar

Pétur er komin í gang, tíðni TX-145.600 og RX-145.000

TF3AJT hefur verið að prófa tvo “split-band” endurvarpa milli Rvk og Vestman-naeyja. Ekki er vitað til þess að fengið hafi verið leyfi fyrir þeim.

80m innanlands

Innanlandstíðnin 3633kHz, CW og SSB, einkum frá kl. 18.00.

Radíovitar

Radíoviti Garðskaga er bilaður, kall-merki hans er TF8VHF.

Radíoviti Búrfelli er virkur, kallmerki hans er TF1VVV.

Radíovitinn TF3SIX er bilaður

Nýtt:

Svarviti TF3IRA 145.625/145.025 verður í gangi þar til samkeyrslusúr finnast.

Packet

BBSin eru ekki í gangi í sumar, en með haustinu fer e.t.v. eitthvað í gang i 144.650.

Útanlands

Útlendinganetið á 14.230 kl. 14.00 á laugardögum.

VHF SSB

SSB tíðni á 2m er 144.300. Þar hefur verið nokkur starfsemi undanfarið.

Ritstjóm

Ritstjómin þyldi svolítið af efni inn til birtingar, allt vel þegið.

CQ TF

Fréttabréf Júlí 1991



Radióþjónusta hf
— *Sigga Harðar* —

S. 75570

SMIDJUVEG 38 · 200 KÖPVOGI



*Radióamatörar:
fjarskiptataeki í úrvali, hljóðnemar,
rótorar og loftnet.*